

Málefni Bakkafjarðar

TILLÖGUR STARFSHÓPS TIL RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS

Starfshópur um málefni byggðarinnar við Bakkaflóa
FEBRÚAR 2018 |

Efnisyfirlit

Skipan og störf starfshópsins.....	2
Staða og þróun byggðar á Bakkafirði og Langanesströnd	2
Megin tillögur starfshópsins	3
Aðrar tillögur starfshópsins	4
Greining á stöðu byggðarlagsins	5
Íbúapróun	5
Íbúðarhúsnæði	5
Atvinnuástand	5
Fyrri stöðugreiningar	6
Stefnumótun í gildandi aðalskipulagi	7
Sviðsmyndir fyrir íbúapróun.....	7
Punktar úr greinargerð með aðalskipulagi	7
Stjórnsýsla.....	7
Þjónustustofanir	7
Menning og ferðamál	8
Verslun á Bakkafirði	8

Skipan og störf starfshópsins

Starfshópur um málefni Bakkafjarðar var settur á fót í framhaldi af opnum íbúafundi sem haldinn var á staðnum 22. júní 2017.

Starfshópurinn skipa:

Njáll Trausti Friðbertsson, alþingismaður
Steingrímur J Sigfússon, alþingismaður
Þórunn Egilsdóttir, alþingismaður

Björn Guðmundur Björnsson, sveitarstjórnarmaður
Reynir Atli Jónsson, sveitarstjórnarmaður
Þorsteinn Ægir Egilsson, sveitarstjórnarmaður
Elías Pétursson, sveitarstjóri Langanesbyggðar

Árni Bragi Njálsson, fulltrúi íbúa á Bakkafirði
Mariusz Mozejko, fulltrúi íbúa á Bakkafirði

Kristján Þ Halldórsson, starfsmaður Byggðastofnunar
Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga

Hópurinn hefur fundað þrisvar sinnum að meðtöldum opnum fundum og vinnufundum með íbúum og öðrum haghöfum. Á milli funda hefur verið unnið að mótun þeirra tillagna sem hér eru fram settar og þeirra gagna aflað sem gerð er grein fyrir í greinargerð.

Staða og þróun byggðar á Bakkafirði og Langanesströnd

Sjávarútvegur og sauðfjárrækt hafa verið undirstöðu atvinnugreinar á Bakkafirði og Langanesströnd um langan aldur. Fyrir áhrif tæknibreytinga, fiskveiðistjórnunarkerfis og markaðsvæðingar veiðiheimilda hefur staða sjávarútvegs í byggðarlaginu veikt verulega. Þannig hefur fiskvinnsla verið stopul, m.a. vegna ótryggs aðgengis að hráefni. Sauðfjárræktin er einnig hverfandi og vegna versnandi afkomu í greininni er ljóst að hún á erfitt uppdráttar þrátt fyrir að landið við Bakkafjörð henti vel til landbúnaðar. Til viðbótar liggur byggðin tiltölulega fjarri stærri þéttbýliskjörnum og býr við erfiðar vegasamgöngur sem gerir alla aðstöðu íbúa varðandi aðgengi að atvinnu og þjónustu erfiðari en ella.

Byggðarlagið hefur því mátt takast á við nánast stöðuga hnignun og íbúafækkun undanfarna áratugi. Íbúum Bakkafjarðar hefur fækkað um rúmlega 42% frá aldamótum til 2017, úr 133 niður í 77. Meðalaldur íbúa hefur jafnframt hækkað þar sem börnum á leik- og grunnskólaaldri hefur fækkað hlutfallslega meira en eldra fólki. Er nú svo komið að hvorki er rekin leik- eða grunnskólaþjónusta í byggðarlaginu. Dagvöruverslun, heilsugæslu, pósthús og bankaþjónusta þarf að sækja til Þórshafnar (40 km um malarveg að miklu leiti) eða Vopnafjarðar (30 km um fjallveg).

Árið 2006 sameinaðist Skeggjastaðahreppur Þórshafnarhreppi og til varð sveitarfélagið Langanesbyggð. Síðan þá hefur íbúafjöldi Bakkafjarðar nánast staðið í stað en vegna lýðfræðilegrar samsetningar og hækkandi meðalaldurs er félagsgerðin orðin brothætt sem m.a. felur það í sér að við óbreyttar aðstæður getur byggðin brostið á einni nóttu.

Megin tillögur starfshópsins

Til að styrkja forsendur byggðar og atvinnulífs á Bakkafirði og Langanesströnd leggur starfshópurinn til að gripið verði til eftirfarandi megin aðgerða ¹ :

- Aflaheimildir skv. 10. gr. laga nr. 116/2006 (sértækur byggðakvóti Byggðastofnunar) verði a.m.k. 300 þorskígildistonn frá og með fiskveiðiarinu 2018-2019.
Ábyrgðaraðilar: Byggðastofnun, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og Alþingi.
- Settir verði viðbótarfjármunir í samgönguáætlun ásamt með fé af viðhaldslið til að ljúka lagningu bundins slitlags á þann hluta þjóðveg 85 á Langanesströnd sem ólokið er á árunum 2018-2019 og varanlegri vegagerð um Brekknaheiði verði lokið á árunum 2019-2021.
Ábyrgðaraðilar: Vegagerðin, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti og Alþingi.
- Byggðin við Bakkaflóa verði tekinn inn í verkefnið *Brothættar byggðir* frá og með 1. júní 2018 og ráðinn verkefnisstjóri staðsettur þar til að stýra verkefninu.
Ábyrgðaraðilar: Byggðastofnun, Langanesbyggð, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga og íbúasamtök (hverfisráð) á Bakkafirði.
- Átak verði gert í að efla nærþjónustu með þjónustukjarna líkt og fordæmi eru fyrir, m.a. á Þingeyri (Blábankinn) þar sem ríkisvaldið hefur lagt til fjármuni í samstarfi fleiri aðila.
Ábyrgðaraðilar: Langanesbyggð, Byggðastofnun og samstarfsaðilar (Landsbankinn, Samkaup, Pósturinn, Heilbrigðisstofnun Austurlands o.fl.)
- Sett verði í gang tilraunaverkefni, t.d. til næstu þriggja ára, um reglubundnar almenningssamgöngur milli Bakkafjarðar og Þórshafnar með sértækum stuðningi ríkisins. Þannig verði unnt að sækja skóla, vinnu, verslun og eiga önnur samskipti milli staðanna með greiðum hætti. Ferðir morgna og síðdegis miðist sérstaklega við þarfir atvinnulífs og skóla, en ferð um miðjan daginn myndi mæta ýmsum almennum þörfum þar til viðbótar.
Ábyrgðaraðilar: Langanesbyggð, Eyþing, Vegagerðin, Byggðastofnun og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið.

¹ Fulltrúi Byggðastofnunar í starfshópnum tekur ekki afstöðu til þess hluta tillagnanna sem snúa að stofnuninni og þátttöku hans í hópnum ber ekki að túlka sem ávísun á tiltekna afgreiðslu stofnunarinnar.

Aðrar tillögur starfshópsins

- Greindir verði möguleikar á vinnslu aukaafurða í sjávarútvegi á svæðinu, s.s. slógi og öðru sem til fellur.
- Skoðaðar verði leiðir til þess að koma ríkis- og/eða kirkjujörðum á Langanesströnd í ábúð. Þannig er t.d. kirkjujörðin Skeggjastaðir nú aflögð sem prestsetur. Leitað verði til ríkiseigna um að koma af stað verkefni sem fæli í sér ábúð á jörðum með verkefnum á sviði gróðurbóta í bland við ferðaþjónustu og hefðbundinn búskap eftir atvikum.
- Í tengslum og í samræmi við vinnu að stefnumótandi ferðamálaáætlun (DMP) fyrir allt Norðurland sem unnið er að og svæðisskipulags í ferðaþjónustu á starfssvæði Eypings, verði sett af stað sérstakt átaksverkefni til eflingar ferðaþjónustu í byggðarlaginu, með stuðningi hlutaðeigandi aðila, s.s. Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða, sveitarfélagsins, atvinnuþróunarfélagsins og Byggðastofnunar.
- Skoðað verði að reka skólasel á leik- og grunnskólastigi með faglærðum kennara sem fylgi nemendum í skóla á Þórshöfn og/eða kenni á Bakkafirði eftir því sem aðstæður bjóða, s.s. vegna veðurs og færðar.
- Mikilvægt er að íbúasamtök byggðarlagsins verði virkjuð til að verða samskiptavettvangur íbúanna innbyrðis og þá um leið málsvari og samskiptavettvangur þeirra gagnvart stjórnslu og kjörinni yfirstjórn sveitarfélagsins (sveitarstjórn og nefndir).
- Endurgerð gamalla húsa og annarra mannvirkja, s.s. gömlu bryggjunnar, verði sérstaklega sinnt.
- Menningaverkefni tengd við skáldin af svæðinu (Kristján frá Djúpalæk, Örn Arnarson) og annað andans fólk og lista (tónskáld/lagahöfundar/málarar) verði sérstaklega styrkt.



Greining á stöðu byggðarlagsins

Byggðin við Bakkafjörð ber öll megin einkenni byggðarlaga sem orðið hafa fyrir áföllum í atvinnulífi og búa við einhæfni hvað atvinnutækifæri varðar. Íbúapróun hefur verið neikvæð, fólki fækkað og meðaldur hækkað. Talsverður hluti íbúanna er af erlendu bergi brotinn og því eðli málsins skv. ekki með eins sterkar rætur á staðnum og þeir sem þar eru fæddir og uppaldir.

Hér að neðan er gerð grein fyrir þróun og stöðu nokkurra þátta til að varpa frekara ljósi á stöðuna.

Íbúapróun

Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands voru íbúar Bakkafjarðar 92 þann 1. janúar 2017. Aldursdreifing er nokkuð skekkt en þó eru allmörg börn á staðnum samkvæmt tölunum. Greinilegt er á hinn bóginn að íbúar á aldrinum 20-39 ára eru tiltölulega fáir, það er íbúar á barneignaraldri.



Samkvæmt lauslegri könnun sem gerð var í september 2017 og byggð á staðarþekkingu eru heilsársíbúar þorpsins á Bakkafirði 48. Af þessum 48 íbúum eru 26 íslenskir ríkisborgarar og 22 með erlent ríkisfang. Aldursdreifingin er þannig að börn á aldrinum 0-5 ára eru 3 og þar af eru 2 erlendir ríkisborgarar, eitt barn er á aldrinum 6-16 ára og er erlendur ríkisborgari. Ungmenni 17-20 ára eru 4 og þar af eru 3 erlendir ríkisborgarar.

Ef þessar tölur eru bornar saman við íbúatölur Hagstofunnar 1. janúar 2017 kemur í ljós gríðarlegur munur sem endurspeglar þá erfiðleika sem byggðin við Bakkafjörð hefur verið að ganga í gegnum á þessu ári. Þannig var skráður íbúafjöldi í þorpinu á Bakkafirði 77 þann 1. janúar sl. Þar af voru 8 börn 0-5 ára, 10 börn 6-16 ára, 6 ungmenni 17-20 ára, 49 íbúar voru á aldrinum 21-66 ára og 4 voru 67 ára og eldri.

Þess ber þó að geta þegar þessar tölur eru bornar saman að alltaf er eitthvað um það að lögheimili fólks sé skráð á öðrum stað en það býr stóran hluta ársins. Þetta á einkum við ungmenni sem oft hafa skráð lögheimili hjá foreldrum nokkru eftir að þau eru flutt að heiman, hvort sem er til að sækja skóla eða vinnu fjarri heimabyggð.

Íbúðarhúsnæði

Í þorpinu á Bakkafirði eru 26 íbúðarhæfar íbúðir, fyrir utan skráð sumarhús og skv. lauslegri skoðun sem gerð var er heilsársbúseta í 24 af þeim.

Atvinnuástand

Ekki liggja fyrir opinberar tölur um atvinnuleysi í einstökum byggðarlögum, heldur miðast þær við sveitarfélög. Það liggur þó fyrir að árstíðabundið atvinnuleysi hefur verið talsvert á Bakkafirði.

Fyrri stöðugreiningar

Byggðastofnun hefur á undanförunum árum unnið stöðugreiningar fyrir einstaka landshluta og svæði og byggðarlög innan þeirra í tengslum við gerð byggðaáætlunar. Eðli málsins samkvæmt er sjónarhornið þar meira á heildarmyndina en þó koma þar einnig fram atriði sem snúa beint að einstökum byggðarlögum.

Byggðin á Bakkafirði og Langanesströnd var sjálfstætt sveitarfélag, Skeggjastaðahreppur, til 2006 er hún sameinaðist Þórshafnarhreppi í sveitarfélagið Langanesbyggð. Skeggjastaðahreppur tilheyrði Austurlandsumdæmi en við sameininguna færðist byggðin í Norðurlandsumdæmi eystra að flestu leiti. Þó er svæðið áfram hluti af Heilbrigðisumdæmi Austurlands² og þó Skeggjastaðasókn tilheyrir Langanesprestakalli er hún hluti Austurlandsprófastadæmis.³

Með breytingum á lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 þann 25. júní 2013 ákvað Alþingi að Byggðastofnun skuli hafa til ráðstöfunar aflaheimildir til að styðja byggðarlög í alvarlegum og bráðum vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Stofnunin hefur gert samninga um úthlutun veiðiheimilda til tíu staða og er Bakkafjörður einn þeirra.⁴

Í greinargerð Byggðastofnunar um vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða frá 2011 er Bakkafjörður ekki tiltekinn sérstaklega vegna smæðar. Þar er minnt á slæmar vegsamgöngur milli Þórshafnar og Bakkafjarðar og einnig að þetta svæði liggur fjærst höfuðborgarsvæðinu með þeim íþyngjandi áhrifum sem það hefur á allan rekstur og búsetu í formi hárra flutningsgjalda og ferðakostnaðar til að sækja alla sérhæfðari þjónustu sem hefur verið að leggjast af í hinum dreifðu byggðum á undanförunum árum.⁵

Í stöðugreiningu frá 2012 kemur fram að íbúafækkun á því sem kallað er norðanvert Þingeyjarsvæði hafi verið 18,6% á tímabilinu 1994-2011. Mesta fækkunin var á Raufarhöfn um 50% og 40% á Bakkafirði.⁶

² <https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/stodugreining-2017-04-06a.pdf>

³ <http://kirkjan.is/soknir/N11>

⁴ <https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/stodugreining-2016-09-22.pdf>

⁵ https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Samfelag/6.Nordurland_eystra.pdf

⁶ https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Soknaraetlun/Soknaraetlun_Nordurlands_eystra_2012.pdf

Stefnumótun í gildandi aðalskipulagi

Í aðalskipulagi Langesbyggðar 2007-2027 er að finna ákveðna stefnumörkun varðandi möguleika byggðarinnar við Bakkaflóa og eru eftirfarandi atriði meðal þess sem þar er sett fram. **Sérstök athygli er vakin á því að margt sem hér er sett fram er ekki lengur til staðar. Á það sérstaklega við ýmsa þjónustu, bæði opinbera og á almennum markaði.**

Sviðsmyndir fyrir íbúabróun

1. Þéttbýlin Þórshöfn og Bakkafjörður koma til með að styrkjast með bættum samgöngum að nærliggjandi þjónustukjörnum og framsæknu atvinnulífi t.d. á sviði frumvinnslu og ferðaþjónustu. Áætla má að íbúafjöldur verði um 1,5% á ári.

Ár	Íbúafjöldi	Íbúabróun	
2010	516	+8	Ef íbúafjöldun verður 1,5% á skipulagstímabilinu. Heildar fólksfjöldun á skipulagstímabilinu er því 142 manns.
2020	598	+82	
2027	646	+48	

2. Umsvif í kringum olíuleit á Drekasvæðinu getur haft umfangsmikil áhrif á íbúafjölda í sveitarfélaginu. Ætla má að aukning verði á fast búsettum í þéttbýlunum auk þess sem hópur starfsmanna mun líklega dvelja skemmri tíma í senn. Atvinnutækifæri í formi afþreyinga og þjónustu munu því skipa stóran sess auk frumvinnslu og ferðaþjónustu. Áætlaður fjöldi starfa sem skapast með þessum umsvifum eru allt að 12.000 og má reikna með að íbúafjöldi Þórshafnar fari upp í 5000 manns með því (sjá nánar kafla um atvinnutækifæri).

Ár	Íbúafjöldi	Íbúabróun	
2027	5000	+4492	Aukin atvinnutækifæri vegna umsvifa í kringum olíuleit, olíuhreinsistöð, umskipunarhafnar og þyrluhafnar.

Punktur úr greinargerð með aðalskipulagi

Í skipulagstillögunni er einnig gert ráð fyrir nokkurri íbúafjöldun á Bakkafirði og er ráðgert 35 ha svæði auk núverandi íbúðarsvæðis fyrir framtíðaruppbyggingu íbúðarhúsnæðis.

Á Bakkafirði er nýleg og góð smábátahöfn sunnan við þéttbýlið og stendur til að ljúka frekari frágangi í kringum svæðið og nýta það sem athafnasvæði.

1983 var hafist handa við gerð smábátahafnar innar í firðinum. Þar eru tveir hafnargarðar og innan þeirra löndunar-, viðlegu- og flotbryggjur.

Í dag eru starfandi nokkur fiskvinnslufyrirtæki á sviði hrognavinnslu, saltfiskverkunar og harðfiskverkunar.

Þar sem stutt er í fengsæl fiskimið frá Bakkafirði, s.s. bolfisk og grásleppu, væri eðlilegt að ívilnun til sjósóknar yrði gerð af hinu opinbera til handa samfélögum eins og Bakkafirði þar sem hefð og þekking er til staðar í greininni.

Athafnastarfsemi önnur en fiskvinnsla er þó nokkur á Þórshöfn en lítil á Bakkafirði.

Stjórnsýsla

Stjórnsýsla verði dreift á báða byggðarkjarnana, Þórshöfn og Bakkafjörð. Leitast verði við að bjóða öllum íbúum sem jafnasta þjónustu.

Þjónustustofanir

Helstu stofnanir og skrifstofur/fyrirtæki á Bakkafirði eru: hreppsskrifstofa, leikskóli, grunnskóli, tónlistarskóli, heilsugæslusel, bókasafn, íþróttaaðstaða, slökkvistöð/björgunarsveit og áhaldahús.

Á Bakkafirði veitir læknir frá Vopnafirði þjónustu, en heilbrigðisþjónustan heyrir undir Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA).

Íbúar fyrrum Skeggjastaðahrepps sækja öldrunarþjónustu til Vopnafjarðar.

Engin lögreglustöð er staðsett á Bakkafirði en sú þjónusta er veitt frá Þórshöfn.



Menning og ferðamál

Gamla höfnin við Bæjarvíkina á Bakkafirði er ekki nýtt í dag þar sem byggð hefur verið ný höfn utan við þéttbýlið. Í skipulaginu er gert ráð fyrir að umrætt svæði verði breytt í opið svæði til sérstakra nota og gamli karakter hennar dreginn fram og boðið uppá þjónustu fyrir ferðamenn s.s. dorgveiði, fiskveitingahús o.þ.h.

Verslun á Bakkafirði

- Kaupfélag Langnesinga rak verslun á Bakkafirði 1936-1996
- Lónið ehf., sem reist var úr rústum Kaupfélags Langnesinga, tók við verslunarrekstri á Þórshöfn og Bakkafirði eftir gjaldþrot kaupfélagsins, en var lokað í janúar 2001.
- Sjafnarkjör opnuð í mars 2001 lokað aftur í Desember 2002
- Árni Róbertsson (Kauptún Vopnafirði) apríl 2003 til desember 2006. Um leið lokaði hætti Íslandspóstur afgreiðslu sem rekin var með versluninni.
- Verslunin Tangi opnuð í janúar 2007, lokað aftur í október 2008.
- Verslunin Mónakó opnuð á gamlársdag 2008, lokað í nóvember 2016.
- Næsta verslun er á Vopnafirði, í um 30 kílómetra fjarlægð, og á Þórshöfn, sem er í um 45 kílómetra fjarlægð.